



Aðalfundur ÍR 2025

Lagabreytingartillögur

Tillaga 1.

Flutningsaðili : Aðalstjórn ÍR

Breyting á 22. grein

Núverandi

22. gr. Lögum þessum verður einungis breytt á aðalfundi félagsins, og þarf til þess samþykki $\frac{3}{4}$ hluta atkvæðisbærra fundarmanna. ***Tillögur um lagabreytingar, sem óskast teknar fyrir á aðalfundi, skulu hafa borist aðalstjórn fyrir 15. janúar ár hvert. Tillögur til lagabreytinga skulu kynntar stjórnnum allra deilda innan félagsins eigi síðar en 1. febrúar ár hvert.***

Breytingartillaga

22. gr. Lögum þessum verður einungis breytt á aðalfundi félagsins, og þarf til þess samþykki $\frac{3}{4}$ hluta atkvæðisbærra fundarmanna. ***Tillögur um lagabreytingar, sem óskast teknar fyrir á aðalfundi, skulu hafa borist aðalstjórn fyrir 15. mars ár hvert. Tillögur til lagabreytinga skulu kynntar stjórnnum allra deilda innan félagsins eigi síðar en 1. apríl ár hvert.***

Rökstuðningur

Færa lokafrest til að skila inn tillögu um lagabreytingu nær aðalfundi félagsins.



Aðalfundur ÍR 2025

Tillaga 2

Flutningsaðili : Aðalstjórn ÍR

Breyting á 4. grein

Núverandi

Aðallitir á búningum félagsins eru hvítur og blár (sem næst blár Pantone 286) og skulu búningarnir auðkenndir með merki félagsins.

Breytingartillaga

Aðallitur á búningum félagsins er hvítur og blár (sem næst blár Pantone 286) **þar sem hvítur er ríkjandi**. Búningar skulu greinilega auðkenndir með merki félagsins.

Rökstuðningur

Hér er verið að leggja áhersu á að aðallit búningsins, sem er hvítur.



Aðalfundur ÍR 2025

Tillaga 3

Flutningsaðili : Aðalstjórn ÍR

Breyting á 5. grein

Núverandi

Allir skráðir iðkendur íþrótta hjá ÍR teljast vera félagsmenn. Hið sama gildir um þá sem sitja í aðalstjórn félagsins eða stjórnnum einstakra deilda. Einnig getur hver sá sem þess óskar orðið félagi í ÍR. ***Iðkendur og stjórnarmenn deilda teljast vera félagar í viðkomandi deild félagsins.***

Breytingartillaga

Allir skráðir iðkendur íþrótta hjá ÍR teljast vera félagsmenn. Hið sama gildir um þá sem sitja í aðalstjórn félagsins eða stjórnnum einstakra deilda. Einnig getur hver sá sem þess óskar orðið félagi í ÍR. ***Iðkendur og stjórnarmenn deilda teljast vera félagar í ÍR.***

Rökstuðningur

Gera skýrt að félagsmaður er félagi í félaginu en ekki í einstakri deild.



Aðalfundur ÍR 2025

Tillaga 4

Flutningsaðili : Aðalstjórn ÍR

Breyting á 6. grein

Núverandi

Árgjald félagsmanna, 18 ára og eldri, skal ákveðið á aðalfundi félagsins. Aðalstjórn skal sjá um innheimtu þess **og skal árgjald hvers greiðanda þess renna til þeirrar deildar sem hann er skráður í, en í aðalsjóð félagsins ef greiðandinn er ekki skráður í sérstaka deild.**

Sérhverri deild félagsins er heimilt að innheimta af öllum iðkendum hennar sérstök æfingagjöld. Þessi gjöld skulu standa undir kostnaði vegna æfinga og þátttöku í keppni á vegum deildarinnar.

Greiðendur æfingagjalda skulu vera undanþegnir greiðslu árgjalds til félagsins. Heimilt er að ákveða á aðalfundi félagsins að aðrir, svo sem stjórnarmenn í félaginu og starfsmenn þess, séu undanþegnir greiðslu árgjalds.

Halda skal rafræna félagaskrá á vegum aðalstjórnar og skal hún vistuð með tryggum hætti

Breytingartillaga

Feitletraði hlutinn fellur út.

Rökstuðningur

Eélagsmenn greiða árgjald til félagsins en ekki til ákveðinna deilda. Það kemur samt ekki í veg fyrir að hægt er að ráðstafa félagsgjaldinu til deilda enda eiga félagsgjöld að styrkja stoðir félagsins.



Aðalfundur ÍR 2025

Tillaga 5

Flutningsaðili : Aðalstjórn ÍR

Breyting á 8. grein

Núverandi

Allir lögmætir félagsmenn hafa rétt til fundarsetu, málfrelsi og tillögurétt á aðalfundi félagsins. Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa:

1. Stjórn félagsins.
2. Fulltrúar deilda, kjörnir á aðalfundum þeirra, einn fyrir hverja 50 **félaga** í deildinni, þó aldrei færri en einn og aldrei fleiri en sjö.
3. Kjörnir skoðunarmenn aðalreikninga félagsins.
4. Fyrirverandi formenn félagsins.

Breytingartillaga

Í lið 2, “50 félaga” breytist í “50 iðkendur”

Rökstuðningur

Fjöldi fulltrúa miðast við iðkendur í deildinni – enda er ekki hægt að vera félagi í deild heldur eru félagsmenn félagar í félaginu, sbr. grein 5.



Aðalfundur ÍR 2025

Tillaga 6

Flutningsaðili : Aðalstjórn ÍR

Breyting á 13. grein

Núverandi

Aðalfundi deilda skal halda fyrir marslok ár hvert. Kosningarétt og kjörgengi hafa allir **félagar deildarinnar** sem orðnir eru 18 ára. Til aðalfundar skal boðað með viku fyrirvara á **tryggilegan** hátt. Er hann lögmætur ef 15 skráðir **félagar deildarinnar** mæta, eða 50% þeirra, **séu þeir færri en 30**.

Breytingartillaga

Aðalfundi deilda skal halda fyrir marslok ár hvert. Kosningarétt og kjörgengi hafa allir **félagsmenn** sem orðnir eru 18 ára. Til aðalfundar skal boðað með viku fyrirvara á **sannanlegan** hátt. Er hann lögmætur ef 15 skráðir **félagsmenn** mæta, eða 50% þeirra, **séu iðkendur viðkomandi deildar færri en 30**.

Rökstuðningur

Tengja lögmæti funda skýrt við fjölda iðkenda – ekki félagsmanna.



Aðalfundur ÍR 2025

Tillaga 7

Flutningsaðili : Aðalstjórn ÍR

Breyting á 19. grein

Núverandi

Liðir 3 og 4

3. *ÍR merki úr gulli með Ólympíuhringjum skal veita öllum félögum ÍR, sem þátt taka í keppni á Ólympíuleikum.*
4. *ÍR merki úr gulli, auðkennt viðkomandi keppni, skal veita þeim félögum ÍR, sem taka þátt í heimsmeistarakeppni hinna ýmsu íþróttagreina.*

Breytingartillaga

Fella þessi liði út og hætta með þessi merki.

Rökstuðningur

ÍR hefur ekki heimild til að nota Ólympíumerkið og má því ekki búa til merki þar sem Ólympíuhringir eru settir saman við ÍR merkið og þarf því að taka grein 3 og 4 úr lögunum eins og þær standa núna. Það útilokar ekki að deildir eða aðalstjórn gæti veitt þeim sem fara á Ólympíuleika eða heimsmeistaramót viðurkenningu af einhverju tagi og grein 1 veitir t.d. tíðtæka heimild til að veita gullmerki.



Aðalfundur ÍR 2025

Tillaga 8

Flutningsaðili : Knattspyrnudeild ÍR

Breyting á 2. grein

Núverandi

Tilgangur félagsins er iðkun hverskonar íþrótta, sem landslög heimila, og að efla áhuga almennings á gildi íþrótta.

Markmið félagsins eru meðal annars:

- Að bjóða öllum aldurshópum upp á uppbyggilegt og öflugt íþróttastarf í öruggu umhverfi, þar sem lögð er áhersla á manngildi og jafnrétti, ásamt því að styrkja og efla iðkendur til framtíðar.

- Að bjóða upp á fjölbreytt úrval íþrótta fyrir félagsmenn á öllum aldri í einstaklings- og hópíþróttum, með heilbrigði og vellíðan að leiðarljósi.

- Að efla áhuga félagsmanna og almennings á heilsurækt og íþróttaiðkun.

- Að skapa öllum félagsmönnum vettvang til að leggja sitt af mörkum fyrir félagið og taka þátt í starfi þess eins og kostur er.

Tilgangi sínum og markmiðum hyggst félagið ná með stofnun og starfrækslu íþróttadeilda, einni í hverri grein, eftir því sem félagsmenn kunna að óska, undir sameiginlegri aðalstjórn félagsins. Aðalstjórn skal aðstoða við stofnun nýrra deilda og gildir stofnfundur, sem haldinn er eftir reglum aðalfunda deilda.

Innganga nýrra deilda í félagið skal borin upp til endanlegs samþykkis á næsta aðalfundi félagsins eftir stofnun hennar eða á sérstökum aukaaðalfundi, sbr. 5. mgr. 8. gr.

Breytingartillaga

Tilgangur félagsins er að iðka íþróttir og stuðla að útbreiðslu íþrótta með því að skapa félagsmönnum sínum aðstöðu og tækifæri til að iðka íþróttir og aðra félags- og tómstunda-starfsemi. Félagið leggur áherslu á manngildi og jafnrétti í starfi sínu og skal starfsemi félagsins vera í samræmi við gildandi lög, reglur og stefnur ÍSí.

Markmið félagsins sem hverfisfélag er að efla samstöðu og samkennd íbúa Breiðholts með því að veita íbúum og öðrum félagsmönnum möguleika á að taka þátt í starfi félagsins.

Rökstuðningur sameiginlegurm með breytingu á 10. Grein.



Aðalfundur ÍR 2025

Tillaga 9

Flutningsaðili : Knattspyrnudeild ÍR

Breyting á 10. grein

Núverandi

Aðalstjórn fer með æðsta vald félagsins milli aðalfunda. Henni ber að efla félagið og gæta hagsmuna þess út á við sem heildar. Hún hefur umráð yfir eignum félagsins og ræður starfsemi þess í stórum dráttum í samráði við deildarstjórnir. Aðalstjórn skipar trúnaðarmenn í nefndir félagsins og á vegum þess, nema þá sem um getur í 13. gr.

Aðalstjórn er heimilt að ráða starfsmenn til félagsins og starfrækja skrifstofu. Starfsmenn starfa í umboði aðalstjórnar að þeim verkefnum sem stjórnin felur þeim í samræmi við tilgang félagsins.

Aðalstjórn er heimilt að skipa sérnefndir til að starfa að tilteknum verkefnum. Slíkum nefndum skal ávallt sett erindisbréf sem kveður á um viðfangsefni, tímamörk, valdsvið og fjárheimildir. Starfstímabil nefndanna skal ekki vera lengra en fram að næsta aðalfundi félagsins, nema ný aðalstjórn ákveði að framlengja starfstíma þeirra. Á fyrsta fundi sínum eftir aðalfund skal aðalstjórn ákvarða hvort starfstími sitjandi nefnda skuli framlengdur.

Alla sjóði félagsins og peningaeignir skal ávaxta í banka, sparisjóði eða viðurkenndum verðbréfamarkaði.

Kaup, sala og veðsetning fasteigna félagsins er bundin samþykki aðalstjórnar, enda hafi Formannafélagið, sbr. 20. gr., gefið samþykki sitt.

Aðalstjórn einni er heimilt að víkja mönnum úr félaginu, telji hún að framkoma þeirra hafi verið vítaverð og félaginu til vansa. Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. geta þeir sem vikið er úr félaginu ekki öðlast aðild að því aftur nema með samþykki aðalstjórnar.

Formaður boðar til stjórnarfunda eða felur öðrum að boða til þeirra í sínu umboði. Stjórn félagsins er ályktunarbær ef meirihluti kjörinna stjórnarmanna er viðstaddur fund hennar, þó að því tilskyldu að fjögur atkvæði þarf að lágmarki til ályktunar

Breytingartillaga

Ákvæðið breytist ekki að öðru leyti en því að **ný grein kemur inn sem 3. mgr.:**

Aðalstjórn getur veitt heimild til þess að ný deild verði stofnuð tímabundið og gildir þá stofnfundur sem haldinn er eftir reglum aðalfunda deilda. Ákvörðun um stofnun nýrrar deildar skal lögð fyrir næsta aðalfund, eða á sérstökum aukaaðalfundi, til endanlegs samþykkis eða synjunar.



Aðalfundur ÍR 2025

1/2

Rökstuðningur

Í núgildandi lögum er að finna ítarleg fyrirmæli um tilgang félagsins og hvernig félagið hyggst ná markmiðum sínum. Þær skýringar eru að mestu leyti almenns eðlis þar sem lögð er talsverð áhersla á stofnun deilda og skyldu aðalstjórnar til að aðstoða við stofnun nýrra deilda. Með breytingartillögum þessum er lagt til að draga saman tilgang félagsins með því að leggja áherslu á iðkun og útbreiðslu íþrótta í samræmi við lög, reglur og stefnu ÍSí. Skylda aðalstjórnar til þess að aðstoða við stofnun nýrra deilda er afnumin en breytingin kemur ekki í veg fyrir að nýjar deildir taki til starfa undir merkjum félagsins. Samhliða breytingu á 2. gr. er lagt til að nýtt ákvæði komi inn í 3. mgr. 10. gr. laganna þar sem kveðið er á um að aðalstjórn geti veitt heimild til þess að ný deild verði stofnuð tímabundið, en að endanleg stofnun deildar sé háð samþykki félagsmanna á aðalfundi.

Með þessu er horfið frá skyldu aðalstjórnar til þess að stofna nýjar deildir þegar ósk um slíkt kemur fram og lögð áhersla á iðkun og útbreiðslu þeirra deilda sem þegar eru fyrir hendi. Sé eftirspurn nægileg og tilefni til stofnun deildar getur aðalstjórn veitt félagsmönnum heimild til þess að stofna deild tímabundið og bera síðar undir aðalfund til samþykktar.

Í tillögunni er einnig lagt til að félagið setji sér það markmið sem hverfisfélag að efla samstöðu og samkennd Breiðholts með starfsemi sinni. Íþróttafélög spila stórt hlutverk í samfélagi okkar og geta verið vettvangur fyrir fólk með ólíkar skoðanir og af ólíkum uppruna til að koma saman undir merkjum síns félags og láta gott af sér leiða. Ákvæði á borð við þetta má finna í lögum sumra annarra íþróttafélaga með skírskotun í bæjarfélag eða starfssvæði sitt. ÍR er hverfisfélag í Breiðholti og með breytingunni er lögð áhersla á þá stöðu félagsins og lagt upp með að það sé meðal markmiða að félagið sé sameiningartákn í hverfinu.

2/2